

15. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983 um þorskfisknet ásamt síðari breytingu og ennfremur reglugerð nr. 136, 3. mars 1977, um bann við netaveiðum í Faxaflóa og Breiðafirði, reglugerð nr. 378, 9. ágúst 1991 um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí - 15. ágúst og viðauki nr. 3, 8. janúar 1992.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 38/1990.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B., F. og G. liða 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu, frá og með 1. október 1992 til og með 31. desember 1992, á eftirgreindum svæðum:

- A. Í Héraðsflóa, frá línu réttvísandi austnorðaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnorðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B. Utan Breiðafjarðar, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- C. Fyrir Vestfjörðum, utan línu, sem dregin er 8 sjómílu utan viðmiðunarlínu, samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 328° réttvísandi frá Sauðanesvita (66°07'1 N, 23°39'2 V). Norðan línu, sem dregin er 317° frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.